

Stjórnarháttayfirlýsing

Tilgangur stjórnarháttayfirlýsingar

Góðir stjórnarhættir eru að mati Stapa lífeyrissjóðs, forsenda fyrir því að starfsemi sjóðsins, sé árangursrík og að sjóðurinn nái markmiðum sínum. Með góðum stjórnarháttum vill sjóðurinn leggja grunn að vönduðum og faglegum vinnubrögðum og góðum og uppbyggilegum samskiptum við sjóðfélaga og launagreiðendur sem greiða iðgjöld til sjóðsins fyrir starfsmenn sína. Með góðum stjórnarháttum er stuðlað að trausti í samskiptum stjórnenda og starfsmanna sjóðsins við sjóðfélaga, launagreiðendur, viðskiptamenn og aðra sem samskipti eiga við sjóðinn. Hluti af góðum stjórnarháttum er að stefna að því að þjónusta sjóðsins sé ávallt til fyrirmyndar, hann ráði yfir öflugri upplýsingatækni og að stuðli að gagnsæi í starfsemi sinni með því að veita góðar og áreiðanlegar upplýsingar. Með faglegum vinnubrögðum, þar sem unnið er af heilindum fyrir hagsmunum sjóðfélaga, stendur sjóðurinn vörð um trúverðugleika sinn og óhlutdrægni.

Við mótnun stjórnarháttanna hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins haft til hliðsjónar almennt viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja, eftir því sem við getur átt fyrir lífeyrissjóði.

Hlutverk Stapa lífeyrissjóðs

Samkvæmt lögum er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs. Þetta er í lögnum kölluð skyldutrygging lífeyrisréttinda, og er ætlað að veita lágmarks tryggingavernd á þeim tímabilum ævinnar, þegar launatekna nýtur ekki við. Auk þessa gera löggin ráð fyrir því að einstaklingar geti safnað viðbótarlífeyrissparnaði til að stuðla að meiri sveignaleika við starfslok eða rýmri fjárráðum á eftirlaunaárunum. Markmið laganna er að stuðla að tryggari fjárhagslegri framtíð starfandi manna með því að byggja upp lífeyrisréttindi á starfsævinni. Stapi lífeyrissjóður er deildskiptur sjóður, sem bæði veitir skyldutryggingu og býður upp á viðbótarlífeyrissparnað. Tryggingadeild sjóðsins sinnir skyldutryggingu lífeyrisréttinda og Séreignardeild hans býður upp á mismunandi sparnaðarleiðir í viðbótarlífeyrissparnaði.

Markmið Stapa lífeyrissjóðs er að qera framtíð fólks betri. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að fjárhagslegu öryggi sjóðfélaga sinna, maka þeirra og barna. Þetta gerir sjóðurinn, með því tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins, þegar þeir láta af störfum að lokinni starfsævi eða verða fyrir áföllum vegna fráfalls eða missi á starfsorku. Starfsemi sjóðsins felst í að taka við iðgjöldum frá sjóðfélögum, ávaxta þau og endurgreiða í formi lífeyris.

Lög og reglur um stjórnarhætti sem Stapi lífeyrissjóður fylgir

Stapi lífeyrissjóður, er lífeyrissjóður sem starfar samkvæmt starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu. Stjóðurinn starfar eftir gildandi lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn er eftirlitsskyldur aðili í samræmi við lög nr. 87/1998 um eftirlit með fjármálastarfsemi. Ýmis önnur lög taka til þátta í rekstri sjóðsins, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt lögum, sem og reglur og leiðbeinandi tilmæli sem Fjármálaeftirlitið hefur sett um starfsemi lífeyrissjóða.

Þessu til viðbótar hefur sjóðurinn sjálfur sett sér reglur til að sinna hlutverki sínu sem best s.s. starfsreglur stjórnar, skilgreiningu á óvenjulegum og mikilsháttar ráðstöfunum, reglur um lykilstarfsmenn, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti, siðareglur, reglur um upplýsingagjöf til stjórnar, reglur um upplýsingagjöf til sjóðfélaga, reglur um fjárfestingaráð og heimildir þess og samskipti við framkvæmdastjóra og stjórn, reglur um endurskoðunarnefnd, reglur um varnir gegn peningaþvætti, auk fleiri reglna sem taka til einstakra þátta í starfsemi sjóðsins. Yfirlit yfir reglur um starfsemi sjóðsins má finna á heimasíðu hans www.stapi.is.

Hlutverk stjórnar og skipulag Stapa lífeyrissjóðs

Samkvæmt lögum ber stjórn Stapa lífeyrissjóðs ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Hún skal móta fjárfestingastefnu fyrir sjóðinn, móta innra eftirlit, skjalfesta eftirlitsferla og móta eftirlitskerfi sem gera sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn. Hlutverk stjórnar er að kynna sér, gera sér grein fyrir og móta stefnu um þá áhættu

Stjórnarháttayfirlýsing

sem fylgir starfsemi sjóðsins, þ.m.t. að setja henni ásættanleg mörk. Hluti þeirrar vinnu felst í að móta sérstaka áhættustefnu, ganga frá áhættuáætlun og móta fjárfestingarstefnu, sem skilað er inn til Fjármálaeftirlits árlega.

Stjórn sjóðsins er kjörin á ársfundi hans og er hún skipuð 8 einstaklingum og skulu kynjahlutföll vera jöfn. Kjörnir eru átta varamenn og gilda sömu reglur um þá. Stjórnin skipar endurskoðunarnefnd, sem í eiga sæti þrjú einstaklingar og regluvörð.

Nánari upplýsingar um skipurit Stapa lífeyrissjóðs má finna á heimasíðu sjóðsins www.stapi.is.

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á áhættustýringu og innraeftirliti hjá sjóðnum og skal fylgjast með virkni þess. Stjórnin skal móta og samþykka áhættustefnu og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar hjá sjóðnum, sem tekur til allrar starfsemi hans. Áhættustýring skal innihalda skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmda- og áhættustjóri fylgist með því að þessir ferlar séu fullnægjandi og verklag sé skilvirkt.

Stjórnin hefur skipað endurskoðunarnefnd í samræmi við ákvæði 108.gr. laga nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringar, eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis, fyrir sjóðinn. Endurskoðunarnefnd setur fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki. Endurskoðunarnefnd fundar reglulega með innri endurskoðanda, áhættustjóra og eftir atvikum öðrum starfsmönnum sjóðsins og skilar um það skýrslum til stjórnar.

Auk stjórnendaeftirlits og eftirlits áhættustjóra hefur stjórnin ráðið innri endurskoðanda sem starfar skv. lögum nr. 129/1997 og reglum nr. 687/2001 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Innri endurskoðandi sjóðsins er KPMG. Innri endurskoðandi framkvæmir eftirlitsaðgerðir jafnaðarlega og skilar um það skýrslum til stjórnar. Innri endurskoðandi starfar í nánu sambandi við endurskoðunarnefnd og áhættustjóra.

Stjórnin hefur ráðið áhættustjóra, sem heyrir beint undir stjórn og starfar í umboði hennar. Áhættustjóri hefur umsjón með allri áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum, þ.m.t. áhættuflokkun og skipulagi áhættustýringar og skal sjá til þess að stjórn sjóðsins og endurskoðunarnefnd hafi sem bestar upplýsingar um alla áhættustýringu og áhættustig, mv. stefnu og samþykkt verklag. Áhættustjóri hefur yfirsýningu með mótun áhættustefnu og gerð áhættuáætlunar í samráði við framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra og fjárfestingarráð. Áhættustefna og áhættuáætlun skal lögð fyrir stjórn til samþykktar.

Stjórnin hefur ráðið regluvörð, í samræmi við verklagsreglur sjóðsins um verðbréfavíðskipti. Regluvörður heyrir beint undir stjórn, en er ekki starfsmaður sjóðsins að öðru leyti. Öll viðskipti starfsmanna og stjórnar, sem eru tilkynningarskyld, skulu tilkynnt til regluvarðar og hefur hann heimildir til að kalla eftir upplýsingum um viðskipti sjóðsins og úr skattframtölum starfs- og stjórnarmanna. Regluvörður gefur innri endurskoðanda reglulega skýrslu um störf sín, sem síðan eru tilgreind í skýrslu endurskoðanda til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Fjárfestingastefna og áhættustefna

Stjórn sjóðsins hefur mótað fjárfestingastefnu fyrir sjóðinn. Fjárfestingastefna er formlegt skjal, sem lýsir stefnu sjóðsins við fjárfestingar og ávöxtun fjár sjóðfélaga. Fjárfestingastefna þarf að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingastefnu lífeyrissjóða. Fjárfestingastefna tekur til fjölmargra atriða sem hafa þarf í huga við fjárfestingar. Hún lýsir þeirri hugmyndafræði eða viðhorfum sem sjóðurinn hefur til fjárfestinga; lýsir því hvernig fjárfestingastefna er mótuð; hvert skipulag fjárfestingastarfseminnar er; hver ávöxtunarmarkmið sjóðsins eru; hvert viðhorf sjóðsins er til áhættu og skilgreinir áhættuþol hans og markmið um áhættutöku; í hvaða eignaflokkum sjóðurinn fjárfestir, hvernig eignasöfn eru sett saman, hver lausafjárþörf sjóðsins er til að mæta útgreiðslum; hvaða viðhorf eru til ríkjandi markaðsaðstæðna og hvaða áhrif það hefur á eignasamsetningu og hvernig eftirfylgni og upplýsingagjöf er háttað. Nánari upplýsingar um fjárfestingastefnu Stapa lífeyrissjóðs er að finna á heimasíðu sjóðsins www.stapi.is.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn hefur mótað áhættustefnu og sett sjóðnum eftirlits- og hlítungarskrá. Í þessum reglum er að finna lýsingu á skipulagi sjóðsins, s.s. skipurit, skipulag eignastýringar og fjárfestingarstarfsemi, eftirlitsskipulag og hvernig áhættustýringu sjóðsins og innra eftirliti er háttað þ.m.t. aðgerðum til að tryggja að starfsemi sjóðsins hlíti þeim lögum og reglum sem um hann eru settar af opinberri hálfu, eða hann hefur sett sér sjálfur. Í áhættustefnu er öllum helstu áhættuþáttum í rekstri sjóðsins lýst, sem og þeim aðferðum sem hann beitir við að bera kennsl á, mæla og stýra þessum áhættuþáttum, þ.m.t. yfir 80 eftirlitsaðgerðum og áhættumælingum. Þar er skilgreind dagskrá um hvenær tiltekin aðgerð skuli framkvæmd, hver ber ábyrgð á framkvæmdinni og hver framkvæmir. Stjórn fær regluleg yfirlit og skýrslur um áhættu sjóðsins, niðurstöðu áhættumælinga og framkvæmd áhættustýringar, auk skýrslna um hlítungu við lög, reglur og stefnu, sem gerir henni kleift að hafa eftirlit með og meta árangur af gildandi áhættustefnu og skilvirkni áhættustýringarinnar. Nánari upplýsingar um áhættustefnu Stapa lífeyrissjóðs er að finna á heimasíðu sjóðsins www.stapi.is

Gildi og samfélagsleg ábyrgð

Markmið og gildi

Sjóðurinn hefur skilgreint markmið um starfsemi sjóðsins gagnvart mismunandi hagsmunahópum og þau gildi sem stjórn og starfsmenn sjóðsins eiga að hafa sem leiðarljós í störfum sínum fyrir lífeyrissjóðinn og sjóðfélaga hans.

Hvað vill Stapi lífeyrissjóður vera:

Fyrir sjóðfélaga	Fyrir stjórnarmenn	Fyrir starfsmenn	Fyrir allan almenning	Fyrir fjölmiða
<i>Traustur og ábyrgur sjóður, sem leggur áherslu á hagsmuni sjóðfélaga og nær góðum árangri. Sjóður þar sem borin er virðing fyrir sjóðfélögum og því mikilvæga verkefni sem sjóðnum er falið með því að varsla og annast um lífeyrissparnað sjóðfélaga. Sjóður sem ber virðingu fyrir umhverfi sínu og samfélagi. Sjóður sem viðhefur fagleg vinnubrögð og trúmennsku í starfsemi sinni og veitir framúrskarandi þjónustu.</i>	<i>Eftirsóknarverður vettvangur til að taka þátt í stjórnarstörfum, þar sem stjórnar-menn fá góðar og tímanlegar upplýsingar til að byggja ákvarðanir sínar á. Sjóður þar sem nýir stjórnarmenn fá góðan stuðning og greidd eru sanngjörn stjórnarlausn.</i>	<i>Eftirsóknarverður og framsækinn vinnustaður með sterka ímynd út á við, þar sem ríkir góður starfsandi og mikil liðsheild. Vinnustaður sem stuðlar að góðu jafnvægi milli heimilis og vinnu og þar sem greidd eru sanngjörn laun.</i>	<i>Góður og traustur sjóður sem er ábyrgur í gerðum sínum, hefur frumkvæði og er leiðandi afl í umræðu og þróun lífeyrismála á Íslandi. Sjóður sem er rödd landsbyggðar-innar.</i>	<i>Aðili sem fjölmiðlar vilja leita upplýsinga hjá. Gefur skýr og fagleg svör, sem byggð eru á hagsmunum sjóðfélaga. Sjóður sem stendur fyrir áreiðanleika og fagmennsku.</i>

Gildi Stapa eru: *Traust, metnaður, sanngirni, fagmennska og frumkvæði.*

Einkunnarorð Stapa eru:

Stapi stendur með þér

Samfélagsleg ábyrgð

Stapi lífeyrissjóður telur að samfélagsleg ábyrgð sé mikilvægur þáttur í góðum stjórnarháttum. Stapi gerir sér grein fyrir því að hann hefur áhrif á kjör sjóðfélaga sinna, aðila sem hann fjárfestir í og efnahagsleg og félagsleg áhrif á félagssvæði sínu og nærumhverfi. Stapi hefur samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi bæði í inn á við og út á við í störfum sínum og athöfnum í samskiptum sínum við sjóðfélaga, starfsmenn, viðskiptavini, þjónustuaðila og samfélagið í heild.

Stjórnarháttayfirlýsing

Sjóðurinn hefur mótað sérstaka stefnu sem kölluð er „Leiðbeiningar og stefnumið um stjórnarhætti, fyrirvar og félagslega ábyrgar fjárfestingar“ þar sem lýst er eigendastefnu sjóðsins og viðhorfum til stjórnarháttá, umhverfis og félagslegrar ábyrgðar.

Upplýsingar um stjórnarmenn, endurskoðunarnefnd, framkvæmdastjóra, áhættustjóra og fjárfestingastjóra:

Stjórn:

- Þórarinn Guðni Sverrisson, stjórnarformaður, fæddur 1962
 - o Menntun: Búfræðingur frá Hvanneyri
 - o Aðalstarf: Formaður og framkvæmdastjóri Öldunnar stéttarfélags
 - o Starfsferilságrip:
 - 1978-2005: Ýmis störf við fiskvinnslu, sjómennsku, smíðar, landbúnaarstörf og verksmiðjuvinnu
 - 1995- Bóndi meðfram annarri vinnu
 - 2005- Formaður og framkvæmdastjóri Öldunnar stéttarfélags
 - o Hvenær var kosinn í stjórn sjóðsins:
Fulltrúi stéttarfélagá. Kjörinn varamaður í stjórn á ársfundi 2008. Kjörinn aðalmaður á ársfundi 2010. Varaformaður frá ársfundi 2010 til ársfundar 2011. Formaður stjórnar frá ársfundi 2011 til ársfundar 2012. Vék úr stjórn á ársfundi 2012 en var kjörinn aftur í stjórn á ársfundi 2014 og formaður stjórnar frá ársfundi 2015.
 - o Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:
 - Formaður Öldunnar stéttarfélags
 - Stjórnarformaður Altomar ehf
 - Stjórnarformaður Vöðla ehf
 - Stjórnarformaður Sæmundargötu 7a
 - Stjórnarmaður í UMF Smára í Varmahlíð
 - Stjórnarformaður í Farskóla Norðurlands-vestra
- Ágúst Torfi Hauksson, varaformaður, fæddur 1974
 - o Menntun: Stúdentspróf frá VMA. Vélstjóri frá Vélskóla Íslands, B.Sc. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands, M.Sc. í vélaverkfræði frá University of British Columbia, Kanada
 - o Aðalstarf: Framkvæmdastjóri Norðlenska matborðsins ehf.
 - o Starfsferilságrip:
 - 1999: Vélstjórn til sjós og lands meðfram skóla
 - 1999 -2002: Kennsla og aðstoð við rannsóknir við UBC í Kanada
 - 2002-2005: Almenn verkfræðistörf hjá VGK
 - 2005-2011: Framkvæmdastjóri hjá Brim hf.
 - 2011-2012: Forstjóri Norðurorku
 - 2012-2013: Forstjóri Jarðborana hf.
 - 2013-2015: Rekstrarráðgjöf, sjálfstætt
 - 2015- Framkvæmdastjóri Norðlenska matborðsins ehf.
 - o Hvenær var kosinn í stjórn sjóðsins:
Fulltrúi SA. Varamaður frá ársfundi 2007, aðalmaður frá ársfundi 2011
 - o Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:
 - Formaður stjórnar Vaðlaheiðarganga hf
 - Formaður stjórnar Orkeyjar ehf
 - Formaður skólanefndar VMA
 - Stjórnarmaður í Landssambandi sláturleyfishafa
 - Stjórnarmaður í Menningarfélagi Akureyrar
 - Endurskoðunarnefnd Stapa lífeyrissjóðs
- Erla Jónsdóttir, fædd 1974
 - o Menntun: B.Sc. í rekstrarfræðum frá Háskólanum á Akureyri
 - o Aðalstarf: Fjármálastjóri FISK-Seafood ehf
 - o Starfsferilságrip:
 - 1999: Aðalbókari hjá Skagstrendingi hf.
 - 1999-2005: Skrifstofustjóri Skagstrendings hf.
 - 2004- Í framkvæmdaráði FISK-Seafood ehf
 - 2005- Fjármálastjóri FISK-Seafood ehf.
 - 2012- Gæðastjóri FISK-Seafood ehf. (ásamt fjármálastjórn)

Stjórnarháttayfirlýsing

- Hvenær var kosinn í stjórn sjóðsins:
Fulltrúi SA. Varamaður frá ársfundi 2014. Tók sæti sem aðalmaður nóvember sama ár, var kosin í aðalstjórn á ársfundi 2015
- Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:
Stjórnarmaður í Hólalaxi hf.
Stjórnarmaður í Náttúru Fiskirækt ehf.

- Huld Aðalbjarnardóttir, fædd 1968
 - Menntun: B.ed. frá KHÍ, LMI í stjórnun, próf sem viðurkenndur bókari.
 - Aðalstarf: Skrifstofu- og fjármálastjóri skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík
Starfságrip:
 - 1993: Vinna við ferðaþjónustu og fiskvinnslu með skóla
 - 1993-2000: Kennsla við grunnskóla og leikskóla
 - 2000-2008: Skólastjóri í grunnskóla
 - 2008-2013: Fræðslu- og menningarfulltrúi Norðurlands
 - 2013- Skrifstofu- og fjármálastjóri skrifstofu stéttarfélaganna, Húsavík
 - Hvenær kosin í stjórn sjóðsins:
Fulltrúi stéttarfélaga: Kjörin sem aðalmaður á ársfundi 2014
 - Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum
Stjórnarmaður í RARIK
Endurskoðunarnefnd RARIK
Stjórnarmaður í Velferðarsjóði Þingeyinga
Stjórnarmaður í Landsamtökum lífeyrissjóða
Endurskoðunarnefnd Stapa lífeyrissjóðs

- Kristín Halldórsdóttir, fædd 1966
 - Menntun: Diploma í rekstrar- og viðskiptafræði, mjólkurtækni- og mjólkurfræðingur
 - Aðalstarf: Mjólkurbústjóri MS á Akureyri
 - Starfsferilságrip:
 - 1986-1987: Kennsla við grunnskóla 1986-1987
 - 1987-2012: Starfandi í mjólkuriðnaði, lengst af í gæðamálum og stjórnun.
 - 2012- Mjólkurbústjóri MS á Akureyri
 - Hvenær var kosinn í stjórn sjóðsins:
Fulltrúi SA. Aðalmaður frá ársfundi 2014
 - Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:
Stjórnarformaður í Flokkun Eyjafjörður ehf.
Stjórnarmaður í Moltu ehf.
Stjórnarmaður í Samtökum atvinnurekenda á Akureyri
Nefndarmaður í framkvæmdanefnd Glerárkirkju
Fulltrúi SA í heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

- Sverrir Mar Albertsson, fæddur 1958
 - Menntun: Stúdent frá Flensborgarskóla, nám í Læknadeild HÍ, fjölmiðlanám í Carleton University-Schooll of Journalism, nám við HÍ í fjármálastjórn og verkefnastjórnun
 - Aðalstarf: Framkvæmdastjóri AFLs Starfsgreinafélags
 - Starfsferilságrip:
 - 1983-1990: Blaðamaður, fréttastjóri og ritstjóri hjá NT og Alþýðusambandi Íslands
 - 1990-1998: Sjálfstætt starfandi við verslun, útgáfu og fasteignasölu
 - 1998-2005: Sjómennska í Noregi og Danmörku
 - 2005- Framkvæmdastjóri AFLs Starfsgreinafélags
 - Hvenær var kosinn í stjórn sjóðsins:
Fulltrúi stéttarfélaga: Kjörinn varamaður á ársfundi 2013. Tók sæti sem aðalmaður í stjórn á árinu 2014. Kjörinn aðalmaður í stjórn á ársfundi 2015.
 - Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:
Stjórnarmaður í Útgáfufélagi Austurlands ehf.
Stjórnarmaður í Námsveri ehf.
Í miðstjórn ASÍ
Ýmis nefndarstörf á vegum AFLs, ASÍ og landssambanda ASÍ

Stjórnarháttayfirlýsing

- Tryggvi Jóhannsson, fæddur 1973
 - o Menntun: Grunnskólapróf, ýmis starfstengd námskeið
 - o Aðalstarf: Starfsmaður hjá Þrif og Ræstivörum
 - o Starfsferilságrip:
 - 1995-2000: Bóndi
 - 2000-2005: Þjónustufulltrúi hjá ISS Ísland
 - 2005-2006: Öryggisvörður hjá Securitas
 - 2006- Starfsmaður hjá Þrif og Ræstivörur
 - o Hvenær var kosinn í stjórn sjóðsins:
Fulltrúi stéttarfélagi: Kjörinn varamaður á ársfundi 2014 og aðalmaður á ársfundi 2015.
 - o Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:
 - Varaformaður í stjórn Matvæla- og Þjónustudeild Einingar-Iðju
 - Í trúnaðarráði Einingar-Iðju
 - Í samninganefnd Einingar-Iðju
 - Trúnaðarmaður á vinnustað
- Unnur Gréta Haraldsdóttir, fædd 1972
 - o Menntun: B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst
 - o Aðalstarf: Bókhald og uppgjör rekstraraðila
 - o Starfsferilságrip:
 - 2006- Stafsmáður hjá Forsvar ehf.
 - o Hvenær var kosinn í stjórn sjóðsins:
Fulltrúi SA: Kjörinn aðalmaður frá ársfundi 2012.
 - o Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:
Ekki aðrar stjórnarsetur

Endurskoðunarnefnd:

- Fjóra Björk Jónsdóttir, fædd 1965
 - o Menntun: MBA, Viðskiptafræðingur af endurskoðunarviði frá HÍ
 - o Aðalstarf: Kennsla og rannsóknir við Viðskiptadeild HA
 - o Starfsferilságrip:
 - 1990-1993: Sumarstarf með skóla, umsjón með reikningshaldi og skrifstofu Hótel Búða
 - 1994-1999: Skrifstofustjóri Hveragerðisbæjar, m.a. ábyrgð á uppgjöri bæjarsjóðs og staðgengill bæjarstjóra
 - 2000-2004: Deildarstjóri í reikningshaldi Íslandsbanka með ábyrgð á uppgjörum bankans, dótturfélögum og samstæðunnar
 - 2004-2005: Verkefnisstjóri hjá Impru nýsköpunarmiðstöð
 - 2007 : Starfsþróun hjá Akureyrarbæ
 - 2005- : Aðjúnkt við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri
 - o Önnur trúnaðarstörf:
 - Endurskoðunarnefnd Stapa lífeyrissjóðs frá 2010, formaður frá 2012
 - Formaður endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar frá 2010
 - Formaður endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar frá 2011
 - Endurskoðunarnefnd Sparisjóðs Norðurlands 2012-2015
- Ágúst Torfi Hauksson, varaformaður, fæddur 1974 (sjá hér að ofan)
- Huld Aðalbjarnardóttir, fædd 1968 (sjá hér að ofan)

Stjórnendur:

- Kári Arnór Kárason, fæddur 1956
 - o Menntun: Búfræðingur frá Hvanneyri, Stúdent frá MH, Phil. Cand í Hagfræði og tölfræði frá Háskólaum í Lundi í Svíþjóð.
 - o Próf í verðbréfavíðskiptum.
 - o Aðalstarf: Framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs

Stjórnarháttayfirlýsing

- Starfsferilságrip:
 - 1983: Ýmis störf m.a. við fiskvinnslu, byggingariðnað, virkjanir, landbúnað, banka ofl. (með námi)
 - 1983-1993: Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Bjargar
 - 1993-2007: Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Norðurlands
 - 2007- Framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs
- Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:
 - Stjórnarmaður í AO fjárfestingarfélagi slhf. (ekki greidd stjórnarlaun)
 - Stjórnarmaður í Bakkastakki slhf. (stjórnarlaun renna til Stapa lífeyrissjóðs)
 - Stjórnarmaður í Málsóknarfélagi hluthafa Landsbanka Íslands (ekki greidd stjórnarlaun)
- Jóna Finndís Jónsdóttir, fædd 1974
 - Menntun: Stúdent frá MA, B.Sc. í Jarðeðlisfræði frá Háskóla Íslands, M.Sc. í umhverfis og vatnaverksfræði frá Háskólanum í Austin, Texas í Bandaríkjunum, Phd. í vatnaverksfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð.
Próf í verðbréfavíðskiptum.
 - Aðalstarf: Áhættustjóri Stapa lífeyrissjóðs
 - Starfsferilságrip:
 - 1996-1998: Mælingar og úrvinnsla hjá Vatnamælingum Orkustofnunar (með skóla)
 - 1998-2000: Aðstoð við rannsóknir hjá CRWR, við Háskólann í Texas (með skóla)
 - 2000-2007: Fagstjóri hjá Vatnamælingum Orkustofnunar
 - 2007-2012: Sjóðstjóri hjá Stapa lífeyrissjóði
 - 2012- Áhættustjóri hjá Stapa lífeyrissjóði
 - Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:
Starfsmaður á ekki sæti í nefndum eða stjórnnum
- Arne Vagn Olsen, fæddur 1972
 - Menntun: Stúdent frá MR, B.Sc. í sjávarútvegsfræði frá Háskólanum á Akureyri, MBA frá Copenhagen Business School, Danmörku.
Próf í verðbréfavíðskiptum.
 - Aðalstarf: Fjárfestingastjóri Stapa lífeyrissjóðs
 - Starfsferilságrip:
 - 1997-1998: Vinnslustjóri Útgerðarfélags Akureyringa hf.
 - 1998-1999: Markaðsstjóri Útgerðarfélags Akureyringa hf
 - 1999-2003: Sjóðstjóri hjá Íslenskum verðbréfum hf
 - 2005-2012: Forstöðumaður markaðs- og sölusviðs Íslenskra verðbréfa hf
 - 2012- Fjárfestingarstjóri Stapa lífeyrissjóðs
 - Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:
 - Stjórnarmaður í SF IV slhf. (stjórnarlaun renna til Stapa lífeyrissjóðs)
 - Stjórnarmaður í SÍA II slhf. (stjórnarlaun renna til Stapa lífeyrissjóðs)

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Ekki var um nein slík brot eða ákvörðun að ræða.

Samskipti við sjóðfélaga

Sjóðurinn hefur sett sér reglur um samskipti við sjóðfélaga. Sjóðurinn sendir sjóðfélögum yfirlit um réttindi sín tvisvar á ári. Sjóðurinn býður auk þess upp á sjóðfélagavef, þar sem sjóðfélagar geta fengið upplýsingar um lífeyrisréttindi sín hjá sjóðnum auk upplýsinga um iðgjaldaskil og aðgang að rafrænum skjölum, sem þeim tengjast. Einnig er þar að finna reiknivélar, þar sem hægt er að reikna út lífeyri m.v. núverandi og væntanleg réttindi og greiðslubyrði lána. Þá heldur sjóðurinn út öflugri heimasíðu, þar sem finna má margháttaðar upplýsingar um sjóðinn og hagsmuni og réttindi sjóðfélaga, þ.m.t. hvernig bera á sig að við að sækja um lífeyri ofl.